



**HAFNARFJÖRÐUR**

# **Samþykkt um skilti í lögsögu Hafnarfjarðar.**



## HAFNARFJÖRÐUR

### 1. kafli MARKMIÐ

Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Hafnarfjarðar þannig að þau ógni ekki öryggi akandi og gangandi vegfarenda,

Að þau séu íbúum bæjarins ekki til ama eða óþæginda og að þau hafi ekki spillandi áhrif á umhverfi og ásýnd bæjarins.

Að auðvelda afgreiðslu umsókna um skilti.

### 2. KAFLI. GILDISSVIÐ SAMÞYKKTARINNAR.

Samþykkt þessi gildir innan lögsögu Hafnarfjarðar.

Samþykktin gildir um hvers konar skilti og auglýsingar sem sótt er um leyfi fyrir hjá embætti byggingarfulltrúa eða skipulags- og byggingarráði eftir gildistöku samþykktarinnar svo og um breytingar á þeim.

Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru:

- auglýsingar á íþróttaleikvöngum er snúa inná við að leikvangnum.
- auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.

Hver sá, sem á lögvarinna hagsmuna að gæta, getur innan eins mánaðar frá því að honum var kunnugt um ákvörðun byggingarfulltrúa varðandi auglýsingaskilti, skotið þeirri ákvörðun til úrskurðarnefndar skipulags- og byggingarmála. Um málskot fer að öðru leyti eftir 59. gr. mannvirkjalaga nr. 160/2010.

### 3. KAFLI. UMSÓKNIR, LEYFISVEITING OG EFTIRLIT

Hver sá sem óskar leyfis til að setja upp eða koma fyrir skilti eða auglýsingu skal skila skriflegri og undirritaðri umsókn til byggingarfulltrúa. Hverri umsókn skal fylgja eftirfarandi :

- Nafn, heimilisfang og símanúmer eiganda skiltis eða auglýsingar.
- Heiti lóðar sem umsóknin tekur til.
- Málsett afstöðumynd í mkv. 1:500 sem sýnir staðsetningu skiltis eða auglýsingar þar sem við á.
- Útlitsmyndir og sneiðingar í mkv. 1:100 og ljósmyndir eftir því sem við á auk



## HAFNARFJÖRÐUR

texta sem á að vera á skilti eða auglýsingu.

- e) Greinargerð um uppsetningu, festingar og gerð skiltis.
- g) Nafn og heimilisfang þess sem hannar skilti eða auglýsingu.
- h) Undirritað samþykki lóðarhafa eða meðlóðarhafa.
- i) Aðrar upplýsingar sem byggingarfulltrúi telur nauðsynlegar.

Um rétt til þess að gera aðaluppdrætti og séruppdrætti af skiltastöndum og burðarvirkjum eða byggingarhlutum er kunna að fylgja skiltum fer eftir ákvæðum V. Kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010

Um rétt til þess að setja upp skilti og auglýsingar fer eftir ákvæðum mannvirkjalaga nr.160/2010.

### LEYFISVEITING.

Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar. Þegar sérstaklega stendur á, getur hann vísað umsókn til byggingarnefndar. Umsóknir um leyfi fyrir fletti- og ljósaskiltum skulu þó jafnan lagðar fyrir byggingarnefnd.

Byggingarfulltrúi getur heimilað uppsetningu bráðabirgðaskilta og skulu þau ekki sett upp fyrr en 4 vikum fyrir viðburð. Þau skal taka niður eigi síðar en tveimur dögum eftir viðburð.

Byggingarfulltrúi og byggingarnefnd geta gefið tímabundin leyfi fyrir skiltum og auglýsingum.

Óheimilt er að setja upp eða koma fyrir auglýsingu eða skilti, þótt leyfisumsókn hafi hlotið endanlegt samþykki, fyrr en leyfisgjald hefur verið greitt og iðnmeistarar, eftir því sem við á, hafa áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína á verkinu.

Ef leyfisgjald er ekki greitt og viðeigandi iðnmeistarar hafa ekki áritað yfirlýsingu um ábyrgð sína innan 12 mánaða frá endanlegri samþykkt leyfisumsóknar, fellur leyfið úr gildi.

### EFTIRLIT

Byggingarfulltrúi annast eftirlit með skiltum og auglýsingum og leyfum fyrir þeim í umboði byggingarnefndar. Hann skal ganga úr skugga um að uppsett skilti séu í samræmi við leyfi og vekja athygli umsækjenda á annmörkum og frávikum.

Þegar skilti (auglýsing) er sett upp án leyfis og / eða stríðir gegn ákvæðum samþykktar þessarar, skal byggingarfulltrúi, ef hann álitur skiltið samræmast ákvæðum skora skriflega á eiganda/eigendur þess eða lóðarhafa ef eigandi er ókunnur, að sækja um leyfi fyrir því innan tímamarka, sem byggingarfulltrúi ákveður og sem skulu að jafnaði ekki vera skemmri en tvær



## HAFNARFJÖRÐUR

vikur. Verði eigandi skiltis, eða eftir atvikum lóðarhafi, ekki við áskorun byggingarfulltrúa, eða telji byggingarfulltrúi hættu stafa af óleyfisskilti, skal fara með slík mál eftir ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar.

### REFSIÁKVÆÐI.

Ef aðili sinnir ekki fyrir mælum byggingarfulltrúa eða byggingarnefndar innan tilskilins frests, eða brýtur á annan hátt gegn ákvæðum samþykktar þessarar, getur byggingarnefnd beitt ákvæðum 9 X. kafla mannvirkjalaga nr. 160/2010.

## 4. KAFLI. HUGTÖK OG FLOKKUN

Með orðunum skilti og auglýsing og öðrum samsvarandi orðum er í samþykkt þessari er átt við hvers konar texta, myndir eða myndverk ásamt tilheyrandi auglýsingastandi, borðum, spjöldum og öðrum sambærilegum tilfæringum, sem ætlað er að vekja athygli almennings á vörum, þjónustu eða starfsemi hvers konar. Gildir þá einu hvort þau eru hreyfanleg eða föst eða komið fyrir til lengri eða skemmri tíma, hvort þau eru á einkalóð, opinberu svæði eða mannvirki né hvernig þeim er komið fyrir, t.d. hvort þau eru máluð á húsvegg, mynduð með lýsingu eða með öðrum sambærilegum hætti.

Með orðinu **flettiskilti** er átt við skilti þar sem skipt er um mynd á skiltinu með stuttu millibili á vélrænan hátt.

Með orðinu **ljósaskilti** er átt við skilti þar sem form eða texti eru mynduð með ljósum, eða öðrum samsvarandi hætti.

Með orðinu **bráðabirgðaskilti** er átt við viðburðaskilti eða auglýsingu sem tengist nákvæmlega tímasettum viðburðum, s.s. hátíðum, sýningum, kosningum, ráðstefnum, mótum og keppni og skiltum sem sett eru upp vegna bygginga- eða vegaframkvæmda og greina t.d. hver hafi hannað mannvirkið eða hafi umsjón með framkvæmdum. Bráðabirgðaskilti eru einnig öll lausaskilti sem ekki eru fest varanlega við jörð eða mannvirki.

Með orðinu **upplýsingaskilti og fræðsluskilti** er átt við skilti sem sett eru upp til upplýsinga og fræðslu á friðlýstum svæðum, almennum útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Slík skilti geta verið upplýst.

Með orðinu **veggspjald** er átt við plakát sem hægt er að líma eða festa á annan hátt á húsvegg.

Með orðinu **þjónustuskilti** er átt við skilti sem sýna nafn og heimilisfang íbúa, heiti fyrirtækis, þjónustu, starfsemi eða vörumerki þess, sem er komið fyrir á eigin lóð eða

starfsstöðvar auglýsandans.

Með orðinu **ratskilti** er átt við skilti sem upplýsa og leiða að tilteknum stað eða þjónustu.

Með orðinu **vegvísir** er átt við skilti sem fest eru á staura og vísa veginn að opinberum stofnunum eins og skólum, sundlaugum eða leikhúsi.

Með orðinu **lausaskilti** er átt við skilti eða auglýsingu sem ekki er með vananlegum festingum við jörð eða mannvirki. (gormaskilti, dagskilti)

## 5. KAFLI. Almennar reglur.

### SKILTI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á íbúðarsvæðum. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á útivistarsvæðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist íbúðarsvæðinu á einhvern hátt.

Ef um er að ræða atvinnustarfsemi í heimhúsi má setja upp óupplýst þjónustuskilti innan lóðar en þó aldrei stærra en 0.5 m<sup>2</sup>.

Leyfilegt er að setja upp skilti sem auglýsa til sölu eign, viðgerðir eða breytingar á húsnæði. Þau skilti skulu ávallt standa innan lóðar og vera ekki stærri en 2 m<sup>2</sup>.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð á íbúðarsvæðum.



### Á VERSLUNAR- OG ÞJÓNUSTUSVÆÐUM

Á verslunar- og þjónustusvæðum er heimilt að setja upp upplýst þjónustuskilti sem auglýsir þjónustu innan sinnar lóðar. Skiltin mega ekki fara yfir 6 m og má heildarflatarmál slíkra skilta ekki fara yfir 9 fm.

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðeigandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup> og skulu standa innan lóðar.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup>

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð í á verslunar- og þjónustusvæðum og skulu standa á bæjarlandi. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3.m. Slík skilti mega vera upplýst.

Vegvísar að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð á verslunar- og þjónustusvæðum.



Vegvísir á ljósastaur



Upplýst skilti á húsi.

### **SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR- OG HAFNARSVÆÐUM.**

Á slíkum svæðum skal gera ráð fyrir einu stóru upplýstu þjónustuskilti . Skiltið skal vera staðsett á áberandi stað við aðkomu svæðisins. Skiltið skal veita upplýsingar um þá starfsemi og fyrirtæki sem eru á svæðinu. Einnig skal gera ráð fyrir minni þjónustuskiltum þegar inní hverfið er komið.

Heimilt er að setja upp upplýst þjónustuskilti innan lóðar sem gefur til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 6 m og heildarflatarmálið má ekki fara yfir 9 m<sup>2</sup>.

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðeigandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup> og skulu standa innan lóðar.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup>.

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á þessum svæðum og skulu standa á bæjarlandi. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum og garðsvæðum . Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3.m. Slík skilti mega vera upplýst.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð á athafna-, iðnaðar- og hafnarsvæðum.



Dæmi um 6 m skilti innan lóðar á athafna- og iðnaðarsvæðum og merkingu á húsi.

### Á SVÆÐUM FYRIR ÞJÓNUSTUSTOFNANIR

Á svæðum fyrir þjónustustofnanir er heimilt að setja upp upplýst þjónustuskilti sem auglýsir þjónustu innan sinnar lóðar. Skiltin mega ekki fara yfir 4 m.

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðeigandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnæðis. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup> og skulu standa innan lóðar.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerðir á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð. Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup>

Upplýsingaskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á þessum svæðum og skulu standa á bæjarlandi. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3.m. Slík skilti mega vera upplýst.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð á svæðum fyrir þjónustustofnanir.



Dæmi um merkingu á húsi á svæðum fyrir þjónustustofnanir.



## SKILTI Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR

Það þarf að sækja um leyfi fyrir öllum skiltum og auglýsingum í miðbæ Hafnarfjarðar.

Við verslanir má setja upp upplýst þjónustuskilti innan lóðar. Þau skilti mega ekki vera hærrí en 2 m og skulu hafa 2 hliðar.

Lausaskilti eða dagskilti eru leyfð við viðkomandi þjónustufyrirtæki.

Heimilt er að setja upp upplýst skilti á hús sem auglýsir viðeigandi verslun, fyrirtæki eða þjónustu.

Við verslunarkjarna- eða klasa á miðbæjarsvæðum er heimilt að setja þjónustuskilti innan lóðar. Slík skilti mega vera upplýst og mega ekki vera hærrí en **en 6 m** og skulu hafa 2 hliðar. Húsfélag hvers verslunarkjarna skal sjá um frekari útfærslu og fyrirkomulag slíkra skilta.

Upplýsingaskilti/fræðsluskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð í miðbæ Hafnarfjarðar og skulu standa á bæjarlandi. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera stærri en 3.m og mega vera upplýst.

Leyfilegt er að setja upp skilti sem auglýsa til sölu eign, viðgerðir eða breytingar á húsnæði. Þau skilti skulu ávallt standa innan lóðar og vera ekki stærri en 2 m<sup>2</sup>.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og eru staðsett á viðkomandi lóð . Stærð slíkra skilta má ekki fara yfir 2 m<sup>2</sup>.

Við veitingu leyfa í miðbæ Hafnarfjarðar skal gæta þess að skilti falli vel að umhverfinu og séu í samræmi við byggingarstíl húss bæði hvað varðar gerð og litaval.

Í miðbæ Hafnarfjarðar má einungis setja veggspjöld á þar til gerða veggfleti.

Vegvísa að opinberum stofnunum má setja á ljósastaura.

Önnur skilti eru ekki leyfð í miðbæ Hafnarfjarðar.



Upplýsingaskilti og húsaskilti.

**SKILTI Á FRÍÐLÝSTUM SVÆÐUM, HVERFISVERNDUÐUM SVÆÐUM, ALMENNUM ÚTIVISTARSVÆÐUM, GARÐSVÆÐUM OG LEIKSVÆÐUM.**

Upplýsingaskilti / fræðsluskilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar eru leyfð á þessum svæðum. Þá er átt við skilti sem sett eru upp á almennum gönguleiðum, garðsvæðum og leiksvæðum. Þau skilti upplýsa um göngu- og hjólaleiðir, friðlýst svæði og fleira sem tengist svæðinu á einhvern hátt. Slík skilti mega ekki vera hærra en 3 m.

**SKILTI Á ÍÞRÓTTASVÆÐUM.**

Leyfilegt er að setja upp 1 flettiskilti á þríhyrndum standi við íþróttaleikvanga. Slík skilti skulu standa innan lóðar og er vísað í reglur í 3. kafla. Slík skilti mega aldrei fara yfir 8.5 metra. Á flettiskiltum og ljósaskiltum skal ekki líða minna en ein mínúta frá því að ein auglýsing birtist og þar til sú næsta birtist.

Ekki er heimilt að setja laus skilti sem snúa útfrá íþróttaleikvöngum. Auglýsingar og skilti skulu snúa inná leikvanginn. Tölvustýrð ljósa- og flettiskilti inná íþróttaleikvangi eru leyfileg á meðan leik stendur.



Dæmi um flettiskilti á íþróttaleikvangi



Auglýsingaskilti skulu snúa inná íþróttaleikvang.



Skilti sem snúa útaf íþróttaleikvangi eru bönnuð

### **BRÁÐABIRGÐASKILTI.**

Hægt er að sækja um leyfi fyrir bráðabirgðaskilti og skulu þá slík skilti tengjast einhverjum ákveðnum viðburði eða tímabundinni starfsemi. Dæmi um slík skilti eru: íþróttaviðburðir, jólatrjáasala, flugeldasala eða jólaþorp. Slík skiltu skilti skulu fara niður eigi síðar en 2 dögum eftir að viðburði líkur. Í þessum flokki eru einnig borðar, fánar og annað sem auglýsir viðkomandi atburð.

### **SKILTI VIÐ STOFN- OG TENGIBRAUTIR.**

Skilti önnur en umferðar- og vegvísunarkerki eru ekki leyfð á helgunarsvæðum stofn- og tengibrauta. Enda skulu öll skilti vera innan lóða nema skilti á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Ekki eru leyfð auglýsingaskilti á stöndum sem snúa að stofn- og tengibrautum og eru nær vegbrún gatnamóta en 100 m eða nær vegbrún götu en 20 m. Skilti mega ekki vera nær umferðar- og vegvísun eða öðrum umferðarbúnaði en 20 m. Ef hámarkshraði á stofn- eða tengibraut er 60 km/klst má auglýsingaskilti á standi ekki vera nær umferðar- og vegvísun eða öðrum umferðarútbúnaði en 30 m og ef hámarkshraði er 70 km/klst þá ekki nær en 40 m.



## HAFNARFJÖRÐUR

Ekki eru leyfð fleiri en eitt sjálfstætt skilti á þeim hluta lóðar sem snýr að götu nema lóðin sé lengri en 200 m í stefnu samsíða götu.

Skilti sem snúa að stofn- og tengibrautum önnur en þjónustuskilti fyrir viðkomandi lóð eru óheimil. Þetta á þó ekki við um flettiskilti.

Ljósaskilti með blikkandi ljósum eða hreyfimyndum sem snúa að stofn- eða tengibrautum eru óheimil.

### SKILTI VIÐ SAFN- OG HÚSAGÖTUR.

Á lóðum sem liggja að safn- og húsa­götum er óheimilt að setja upp auglýsingaskilti nema innan viðkomandi lóðar og þá vísað í reglugerð hér að ofan.

### SKILTI UTAN ÞÉTTBÝLIS.

Skilti á slíkum svæðum fer skv. lögum nr. 44/1999 um náttúruvernd.

#### *Auglýsingar utan þéttbýlis.*

Óheimilt er að setja upp auglýsingar meðfram vegum eða annars staðar utan þéttbýlis. Þó er heimilt, að uppfylltum ákvæðum annarra laga, að setja upp látlausar auglýsingar um atvinnurekstur eða þjónustu eða vörur á þeim stað þar sem slík starfsemi eða framleiðsla fer fram.

Umhverfissráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um efni greinarinnar og úrskurðar um vafaatriði.

### ÖRYGGI.

Skilti mega ekki vera þannig útfærð að þau líkist vegvísum og öðrum umferðarmerkjum á nokkurn hátt, eða þannig staðsett að þau hindri útsýni við gangbrautir og innkeyrslur. Ef breytingar verða á gatnamótum eða nauðsynlegt reynist að breyta umferðarmerkingum skulu eigendur skilta færa þau þannig að þau uppfylli ákvæði í samþykkt þessari.

### LJÓSMAGN SKILTA

Ljóstæknifélag Íslands hefur gefið út leiðbeiningar um ljóma eða kandela frá skiltum. Þessi ljósstyrkur er táknaður með skammstöfuninni **cd**. Skv. þessum leiðbeiningum er gert ráð fyrir að:



## HAFNARFJÖRÐUR

- á náttúrlegum svæðum þar sem mikið myrkur sé ljóminn ekki meiri en **50 cd/m<sup>2</sup>** (t.d. uppland Hafnarfjarðar)
- á svæðum í útjaðri bæjarins þar sem dauf birta er til staðar sé ljóminn ekki meiri en **400 cd/m<sup>2</sup>** (t.d. Sléttuhlíð og Selhraun)
- í litlum þéttbýliskjörnum í útjaðri bæjarmarkanna þar sem meðalbirta er til staðar sé ljóminn ekki meiri en **800 cd/m<sup>2</sup>** (Kaldárselsvegur og Hellnahraun)
- innan bæjarmarka við miðbæjar- og verslunarsvæði sé ljóminn ekki meiri en **1000 cd/m<sup>2</sup>**. Enda sé þar mikil birta og lýsing almennt til staðar.

Öll blikkandi tölvustýrð ljósaskilti með hreyfimyndum eru bönnuð í bæjarlandinu nema á íþróttaleikvöngum þegar íþróttaviðburður á sér stað.

### 6. KAFLI. ALMENN ÁKVÆÐI.

#### LÖG.

Ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 gilda eftir því sem við á um skilti og auglýsingar samkvæmt samþykkt þessari.

#### LÓÐARHAFAR.

Leyfi allra lóðarhafa þarf til þess að koma skilti eða auglýsingu fyrir á lóð skv. lögum um fjöleignarhús nr. 26/ 1994 m.s.br.

#### SAMRÆMING.

Við hönnun skilta skal tekið tillit til nálægra mannvirkja og gætt samræmis við skilti sem fyrir eru á lóð og fjölda þeirra.

#### HÁMARKSHÆÐ

Efsti hluti skiltis eða skiltastands skal ekki vera hærri en þakbrún nærliggjandi húsa.

#### ELDRI SKILTI.

8.1.1. Byggingarfulltrúi getur krafist þess að eldri skilti (auglýsing), sem sett hafa verið upp án leyfis fyrir gildistöku samþykktar þessarar, skuli fjarlægð þegar í stað ef þau hafa að hans mati truflandi áhrif á umferð eða valda verulegum umhverfisspjöllum. Að öðru leyti skal fara með þessi skilti skv. ákvæðum 9. kafla byggingarreglugerðar

### 7. KAFLI SKILTI SEM ERU ÓHÁÐ LEYFUM.

#### SKILTI Á ÍBÚÐARSVÆÐUM.



## HAFNARFJÖRÐUR

Skilti sem sýna nafn og heimilisfang ábúenda lóðarinnar og eru ekki stærri en 0.1 fermetrar.

Skilti fyrirtækja eða opinberra stofnanna í íbúðarhverfum sem segja til um nafn og/ eða starfsemi fyrirtækisins/stofnunarinnar og eru ekki stærri en 1.5 fermetrar.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu á eign og eru ekki stærri en 0.5 fermetrar og aðeins eitt á hverri eign.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 2.0 fermetrar. Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbýggjenda og áætluð verklok og þau skal fjarlægja þegar við lok framkvæmda. Byggingarfulltrúi getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

Skilti sem sýna deiliskipulag svæðis og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar. Aðeins skal leyfa eitt skilti fyrir hvert svæði og má ekki reisa það fyrir en deiliskipulagið hefur verið samþykkt. Það skal ekki standa lengur uppi en eitt ár.

### **SKILTI Á STOFNANASVÆÐUM.**

Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi og afgreiðslutíma stofnanna og eru ekki stærri en 1.5 fermetrar.

Skilti sem auglýsa sölu eða leigu húsnaðs á stofnanasvæðum og eru ekki stærri en 0.75 fermetrar og aðeins eitt á hverri eign/matshluta.

Skilti sem veita upplýsingar um nýbyggingar og breytingar eða viðgerð á mannvirkjum, eru staðsett á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar. Á skiltum skulu aðeins koma fram heiti mannvirkis, uppdrættir af því, nöfn hönnuða, verktaka og húsbýggjenda og áætluð verklok og þau skal fjarlægja við lok framkvæmda. Byggingarfulltrúi getur ákvarðað hvenær hann telur þeim lokið.

Að öðru leyti eru öll þau skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á íbúðarsvæðum einnig óháð leyfi á stofnanasvæðum.

### **SKILTI Á ATHAFNA-, IÐNAÐAR OG HAFNARSVÆÐUM.**

Skilti sem gefa til kynna heiti, starfsemi, vöru, þjónustu og afgreiðslutíma fyrirtækja á viðkomandi lóð og eru ekki stærri en 3.0 fermetrar.

Að öðru leyti eru öll þau skilti sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum einnig óháð leyfi á athafna-, iðnaðar og hafnarsvæðum.



## HAFNARFJÖRÐUR

### **SKILTI Í MIÐBÆ HAFNARFJARÐAR, MIÐHVERFUM OG Á VERSLUNAR-OG ÞJÓNUSTUSVÆÐUM.**

Öll skilti og auglýsingar sem eru óháð leyfi á stofnanasvæðum eru einnig óháð leyfum í miðbæ Hafnarfjarðar, miðhverfum og á verslunar og þjónustusvæðum.

### **SKILTI Á FRIDLÝSTUM SVÆÐUM, ALMENNUM ÚTIVISTARSVÆÐUM, GARÐSVÆÐUM OG LEIKSVÆÐUM.**

Skilti sem gefa upplýsingar um friðlýsingar, gönguleiðir, örnefni, útivistaraðstöðu og fræðslu um sögu og náttúru svæðisins og ekki eru stærri en 2 fermetrar.

## **8. KAFLI**

### **SKILTI Á ÓBYGGÐUM SVÆÐUM EÐA ÖÐRUM SVÆÐUM SEM NEFND ERU HÉR AÐ OFAN.**

Öll önnur skilti nema þau sem eru tilgreind hér að ofan eru bönnuð í landi bæjarins.



**HAFNARFJÖRÐUR**